



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Marsblað 2025

AFRAKSTUR FEBRÚAR ÁSKORUNNAR - MATUR -



<<nafn>>

<<hemili>>

<<pleis>>

KYNNINGARSTARF Á BLÖNDÓSI

Örn Ragnarsson



Hvaða erindi á maður í Blönduós? Venjulega keyri ég hratt en örugglega yfir Blöndubrúna, framhjá söluskálanum og áfram upp Langadalinn, en ekki núna.

Það var nefnilega þannig að hún Didda Jóns í Litla Dal hafði haft samband og beðið um kynningu á dásæmdum rennismíðinnar og félaginu okkar góða. Hún hafði kannað áhugann þar fyrir norðan og hann virtist nægur til réttlæta eina salibunu norður. Didda hafði auglýst og útvegað húsnæði. Við höfðum heila reiðhöll fyrir kynninguna.

Binni, félagi minn í Snúid og skorið, var til í að koma með mér. Merkillegt hvað hann nennir að þvælast með mér.

Við hlóðum bílinn af nauðsynjum eins og 60 ára sýningartjaldi, skjávarpa, rennibekk og rennijárum, spýtum og sýnishornum af því sem við Binni höfum rennt. Ekki sakaði að taka góða skapið með.

Góður maður lét eitt sinn þau orð falla að hann yrði alltaf svangur þegar hann sæi Borgarnes en við Binni bitum bara á jaxlinn og stefndum norður yfir Holtavörðuheiði.

Í Staðarskála var þó rétt að rétta úr sér og fá sér kaffi og hringja í Diddu til að láta vita af okkur. Myrkur var skolið á enda janúar. Það varð til þess að við gátum ekki virt fyrir okkur fegurðina í Hrutafirði sem er bæði langur og lognfagur.

Við náðum á Blönduós um half sex leytið. Eftir máltíð í boði Diddu fórum við að stilla upp í kaffistofunni í reiðhöllinni. Og brátt fóru að tínast inn áhugasamir Húnvetningar.

Þarna var mættur gamall skólafélagi minn, Halldór Guðmundsson bóndi í Holti, einnig gamall nemandi minn frá Eiðum, Henny Aðalsteinsdóttir. Það var skemmtilegt að á þessa kynningu mættu fleiri konur en karlar. Alls mættu 14 til að hlusta á fagnaðareriðið.

Kynningin var með hefðbundnum hætti. Glærukynning um rennismíði og félagið okkar, einkum ræddi ég að venju um tilgang félagsins og hvað við værum að gera til að ná tilgangi þess.

Svo var komið að því að sýna rennsli. Sýningin fór fram í andyri reiðahallarinnar sem var frekar þröngt og kalt. Venjulega þegar ég sýni rennsli þá fer ég yfir helstu járnin sem við notum. Segi hvað þau heita og til hvers hvert þeirra er notað. Þarna renndi ég einfalda hluti, fyrst tvö jólatré og síðan litla skál. Öllu þessu



Afrakstur.



Einbeittni á Blönduósi.

var lokið klukkan að verða tíu. Við Binni þökkum saman og brenndum í bæinn. Það voru ekki liðnir margir dagar þegar Didda hafði aftur samband og spurði nú hvort ég gæti ekki komið aftur norður og haldið námskeið.

Niðurstaðan varð sú að enn og aftur lögðum við Binni upp í ferð norður á Blöndós því þar biðu áhugasamir rennismíðir sem vildu tilsögn og æfingu. Að þessu sinni voru í farteskinu einir 5 rennibekkir. Elfar í Ásborg var svo vænn að lána okkur tvo bekki og Andrésar tveri í Snúid og skorið lánuðu sinn bekkinn hvor. Nú dugði ekkert minna en jepplingur með kerru. Enn var ferðast í myrkri svo Hrutafjörðurinn sást ekki almennilega en norður komumst við. Við gistum í sumarhúsi Glaðheima en Lárus hafði boðið góðan díl. Þess má geta að Lárus er gamall skólafélagi minn frá Reykjaskóla.

Námskeiðin fóru fram í fínu iðnaðarhúsi sem frændi minn á. Ég á töluvert stóran frændgarð í Austur Húnavatnssýslu.

Niðurstaðan af þessu öllu voru svo tvö góð námskeið. Við Binni lögðum okkur fram um að kenna það sem við teljum vera góð vinnubrögð.

Fyrri dagur námskeiðs fór í þessar grundvallaræfingar en seinni daginn gáfum við nemendum lausan tauminn og hver og einn fékk að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali.



Hér skal vanda verkið.



Auðvitað eru konurnar líka í rennslinu.



Kvenþjófir létu sig ekki vanta.

Við Binni vorum ánægðir með námskeiðin og vonum að nemendurnir séu sama sinnis. Eftir fjóra góða daga á Blönduósi þökkum við saman og brunuðum suður. Enn var Hrutafjörðurinn hulinn myrkri, langur og lognfagur.

Við Binni þökkum Húnvetningunum fyrir móttökurnar og Diddu fyrir að skipuleggja kynnisferð og námskeið. Án hennar framtaks hefðum við aldrei farið norður. Félagið þarf á svona framtaki að halda.



Einbeittir á Blönduósi.



Einbeittur rennivilji.



Skál!

HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason

Það er kunnara en frá þurfi að segja að í hópi þeim er stundar trérennsli er margur hagleiksmaðurinn og konan. Það er ekki bara trérennslið sem fangar hugann heldur er í þessum hópi að finna útskurðarmeistara og skartgripasmiði sem smíða úr silfri og gulli og svo eru aðrir sem smíða úr járn.

Menn og konur eru út um allt land að sísla við áhugavert handverk, heima í stofu, í skúrnunum, kjallaranum eða í sameiginlegum vinnustofum eins og „Karlar í skúrnunum“


En handverkið er ekki bara tré eða málmur, það er líka fjöldinn allur af fólki sem útbýr heilu listaverkin með sauma- og prjónaskap. Við sjáum nánast daglega listilegar prjónaflikur, ægífagra þjóðbúninga sem skarta gjarnan listilegri silfursmíð.

Vítt og breitt um heiminn er handverki allskonar gert hátt undir höfði enda er það hluti af menningu hverrar þjóðar.

Menningararfur í handverki er er ekki síðra en bókmenntir og vert að halda á lofti. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að við skulum eiga frá fyrri öldum menningararf silfursmíða sem unnar voru við þröngan kost og skilyrði, og enn erum við að smíða úr silfrinu í stíl við smíð fyrri alda. Við tökum okkur stundum til og setjum upp sýningu á smíðisgripum trérennsliða en mér dettur í hug hvort ekki sé kominn tími til að setja upp eina allsherjar sýningu eða markað á íslensku handverki sem hér hefur verið nefnt. Öruggt er að slíkur markaður sem væri opinn allt árið um kring yrði vel sóttur af Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Hillur skapandi fólks eru fullar af eigulegum gripum sem ekki ná augum áhugasamra.

Talandi um menningu og menningararf er vert að nefna að Heimilisíðnaðarfélag Íslands er nú komið á heimsmyndjaskrá UNESCO yfir óápreifanlegan menningararf.



 **FRÉTTABRÉF FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI**

Ritstjóri: Engilbert Gíslason
Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson
Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson • Ómar Bjarnason
Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22

Höf: Engilbert Gíslason

Ég er kominn í Grafarvoginn í Reykjavík nánar tiltekið að Dverghömrum 19 en þar stendur húsið hans Einars Óla Einarssonar, húsið sem hann hefur nú tekið við ásamt bróður sínum að föður þeirra látnum. Húsið stendur niður við ströndina með úsýni út sundin og að athafnalífinu þar sem stóru fragt skipin losa og lesta.



Meistari Einar á renniverkstæðinu.

Á lóðinni fyrir neðan húsið standa tvö lítil handverkshús, annað hýsir rennibekkin og tilheyrandi tól en hitt hýsir eldsmiðjun hans Einars Óla.

Einar Óli er einn af félögum okkar í Félagi trérennsmiða. Einar Óli þekktist oft af húfunni sínu og myndavélinni sem hangir á honum og einstaka sinnum þessum eðalfínu hnébuxum ættuðum frá Bretlandi þar sem Einar Óli sótti sér framhaldsmenntun.

Einar Óli fæddist í Reykjavík 31. janúar á því herrans ári 1967. Hann tók fljótt að fylgjast með föður sínum málaranum og þúsund þjala smiðnum og fyrrum félag okkar í rennarafélaginu honum Einari heitnum Sigurbergssyni sem var hagur vel á tré og járn.

Skólagangan var að mestu á Seltjarnarnesi, Mýrarhúsaskóli og síðan Valhúsaskóli sem var Gagnfræðaskóli, fjölskyldan bjó jú svo vestarlega í Reykjavík að ekkert var eðlilegra en sækja næsta skóla sem var á Seltjarnarnesinu.

Eftir Gaggann lá leiðin í tækniteikun í lönskólanum en síða eða árið 1993 þá orðinn 26 ára hélt okkar maður til Bretlands, nánar tiltekið til Bournemouth þar sem tveggja ára nám í ljósmyndun var verkefnið. Þetta var nokkuð stór og samheldinn hópur sem var þarna í námi og heldur enn nokkuð saman.



Handverkshúsin á baklóðinni.

Tíminn í Bournemouth var góður og eftirminnlegur þó veturinn hafi verið kaldur og þar með húsið enda engin einangrun eins og við erum vön, en svoleiðis vandamál gleymast fljótt þegar maður er ungur og hefur um margt annað að hugsa en kuldann á heimilinu. Auðvitað skelltum við okkur á PUB nágrennisins, þar var hlýtt og gott eyða kvöldinu við öldrykkju sem stóð þó ekki lengi þar sem sú góða regla að loka klukkan 23 vandi mann á að skella sér heim með varmann í kroppnum og beint í rúmið. Maður skildi nú ekkert í þessu fyrst að vera að loka svona snemma en þetta vandist fljótt og maður áttaði sig á því hversu praktísk þessi regla var í raun, ekki verið að sulla fram á rauðan morgun með afleiðingum sem trufluðu næsta dag í námi eða starfi.



Í eldsmiðjunni.



Úr rennismiðjunni.

EKKI var nú mikið af verkefnum fyrir ungan ljósmyndara hér heima eftir heimkomu enda fjöldinn slíkur sem var að læra ljósmyndun á þessum tíma og því urðu ýmis önnur verkefni á veginum og það lengst af í prentiðnaðinum. Og enn er ég í prentinu þó svo ég hafi gert heildarlegar tilraunir til að snúa mér að öðru þá hefur alltaf verið náð í mig aftur og nú er ég hjá Ísafoldarprentsmiðju.

Ég veit að þú drakkst í þig handverkið af samvistum við föður þinn sem var mikill handverksmaður en hvar kemur aðild þín að Félag Trérennsmiða? Það bara leiddi eitt af öðru, ég fór t.d. á sýningu Félagsins í Ráðhúsi Reykjavíkur og heillaðist af því sem þar bar fyrir augu og það var eitthvað fyrir mig því ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að gera eitthvað með höndunum.



Gömul taska full af hnífum.

Valdór Bóasson var einmitt formaður þegar ég gekk til liðs við félagið og hann var þá t.d. með afar áhugaverð námskeið í hnífagerð sem ég dreif mig á. Pabbi lét mig um þetta leiti reyna mig við trérennslið þar sem hann lét mig apa eftir einhverju sem hann hafði rennt og þar með fór boltinn að rúlla.

Eldsmíði er eitt af verkum þínum, já enda var afi minn eldsmiður og á ferðalagi eitt sinn vorum við Bjarni Þór Kristjánsson sessunautar eldsmíði afa barst í tal og það var eins og við manninn mælt að Bjarni tók mig á eldsmíðanámskeið mánuði síðar.

Eldsmíðin greip mig og ég hef töluvert meira verið að dunda mér við eldsmíðina en trérennslið þó það sé líka með svona inn á milli segir Einar sem nú dregur fram fullan kassa af ýmsum nytjahlutum smíðuðum úr járni sem fellur til, eins og t.d. skeifum sem lokið hafa hluterki sínu.



Einar Óli við dyrnar á renniverkstæðinu.



Smíðisgripir úr eldsmiðjunni.



Steðji eldsmiðjunnar.

Kaffikannan er tæmd og þá er komið að því að fara í úlpuna og út í garð þar sem garðhúsin, eldsmiðjan og renniverkstæðið býða skoðunar. Það kennir margra grasa þó húsin séu ekki stór en látum myndir tala. Takk fyrir móttökurnar og skemmtilega stund félagi Einar Óli, ritstjóri heldur heim á leið eftir skemmtilegt innlit.



Hultafors

Handverkfæri í úrvali







SKANNAÐU OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • 560 8888 • vfs.is

Höf: Engilbert Gíslason

Hjá Þóri Kristmundssyni og konu hans henni Guðrúnu Guðmundsdóttur í Leirvogstungunni eins og svæðið var nefnt einu nafni hér á árum áður og er enn. Það var á þeim árum sem nánast aðeins tún og melar einir og ríkjandi vindáttir réðu þar ríkjum.

Í dag er sveitin vel gróin og byggð, svo vel byggð að húsnúmerin líkjast einna helst númerum húsa í stórborgum útlenskum, nafnið á götu félag Þóris og Guðrúnar er ekkert minna en Laxatunga og ber númerið 147. Ég var ekki fyrr kominn í hús á fögnum febrúar morgni en á borð voru bornar veitingar ásamt rjúkandi kaffi ef bestu sort.

Þórir félagi okkar trérennismiða er fæddur í Hafnarfirði 26. september 1942 en flytur fljótlega með foreldrum sínum yfir bæjarlækinn til Reykjavíkur og viðkomustaðirnir voru í Miðtúni, Hverfisgötu og svo á Fornhaga þaðan sem fuglinn flaug úr hreiðrinu og þá kominn með pláss í húsasmíðanámi á sautjándá ári, nánar tiltekið 19. janúar 1959.

Dagurinn tekinn eldsnema í þá daga og mættur til meistarans Björns Ólafssonar í Hafnarfirði þar sem verk hófst klukkan sjö tuttugu eins og sagt var og unnið alveg til klukkan korter í sjö síðdegis.



Feruhöldur.

Áður en komið var á vinnustað varð að skrönglast með gamla Skóðanum sem var í ferðum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Við vorum við húsbyggingar um allan fjörð og slógum m.a. upp sökklunum undir álverið í Straumsvík. Við vorum ekki bara í mótatimbrinu heldur allskonar smíðum og þar á meðal innréttingasmíði ofl. tilfallandi enda verið að byggja um allt, allskonar hús og ekki bara í Hafnarfirði heldur í Reykjavík og víðar.

Í þá daga var ekkert plötuefni að hafa í t.d. innréttingar og voru



Hver hlutur hefur sitt pláss.



Þórir í smíðju sinni.

þær því útbúnar með því að saga niður í þinnur efni sem við vorum búnir að þurrka. Úr þinnunum gerðum við ramma og og röðuðum þinnum einnig inn í rammann með ákveðnu millibili og svo masonit undir og yfir og þar með voru komnar plötur. Gabonið var líka komið en notað í finni húsgögn.

Tíminn leið hratt og kominn með sveinspróf tvítugur og meistarabréfið komið í hús, þá 23 ára gamall. Framanaf vann ég einnig töluvert sjálfstætt og sérstaklega þegar maður var kominn með smá aðstöðu til þess.



Leðursmíði.

Hlutirnir fara nú ekki alltaf eins og maður ætla og þar kom að ég átti erfitt með að beita höndunum sakir hand dofa sem sótti á mig. Ég fór því að vinna hjá Bjarkarási Styrkarafélags vangefinna sem er leiðbeinandi og var þar í 9 ár en fann fljótt að ég fór að lagast í höndunum og fór að smíða svolítið aftur en þá kom þetta bara aftur. Ekki gekk að hella sér í smíðarnar á ný og þar kom að ég fór að vinna hjá Geðdeild Landspítalans við iðjuþjálfun. Að vinna á svo stórum vinnustað sem Landspítala kemst maður ekki hjá því að hitta lækna með góða þekkingu á t.d. mínu vandamáli og dag einn hitti ég Gunnar heitinn Guðmundsson taugalækni sem ég kannaðist aðeins við og sá dreif í að koma mér í hendur skurðlækni sem lagaði handameinið með nokkuð léttu skurðaðgerð. Ég var í þessu starfi hjá Geðdeildinni í 17 ár en eftir aðgerðina fór ég að vinna við smíðar á milli vaktar.

Enginn skortur á verkefnum, allstaðar verið að byggja og t.d. var Breiðholtið að rýsa á þessum árum og ég byggði okkur heimili einmitt þar.



Meistarinn í einu horninu

Það voru líka verkefni út um allt land og ég reykti mörg hús, hlöður vélageymslur og sumarbústaði í sveitum landsins.

Þú ert búinn að vera félagi í Félagi trérennismiða lengi, já ég var búinn að vera lengi áður en ég fór að sækja fundi, fékk alltaf blaðið sent frá Reyni Sveinssyni ritstjóra. Ég hef sótt námskeið sem margir okkar færustu félagar hafa komið að, eins og t.d. útskurð, tága og leðurvinnu, hnífagerð ofl. að ógleymdum renninámskeiðum há Trausta heitnum Óskarsyni og einnig hjá Andra Snæ.

Eftir að við höfðum gætt okkur á góðum veitingum lá leiðin í skúrinn þar sem snyrtimennskan var í fyrirrúmi og ýmsa smíðahluti að sjá. Nýuppgerður grænn Rússa jeppi fékk þó mest pláss, Jeppann þann hafði okkar maður notað árum saman til að ferja á ýmsa smíðisgripum svo sem glugga ofl á byggingastað.

Kominn tími til að kveðja húsráðendur og halda heim á leið enda skamdegissólin að brjótast milli skýja og undirbúa leið sína til víðar eins og gamla máltækið segir þó við séum vanari því að hún hverfi niðurfyrir sjávarbrún út við sjóndeildarhring.



Leðursmíði.



Smíðisgripir um allt.



STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ÖRN RAGNARSSON, formaður / GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), gjaldkeri
MAGNÚS KRISTMANNSSON / ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON / BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON



Bjarni fræðir okkur um TRAVAÖSKJUR.



Skálar.



Her er sko fylgst með af athgli.

MYNDIR ÚR STARFINU



Málin rædd yfir kaffibolla.

Úrval af handverkfærum,
handfræsistönum, sandpappír o.fl.

HEGAS

HEGAS | Smiðjuvegi 1 | 200 Kópavogur | hegas.is



NÁMSKEIÐ

BRÝNSLA

RENNIJÁRN

RENNIBEKKIR

PATRÓNUR

ÍHLUTIR

YFIRBORDSEFNI

**HANDVERKS
HÚSIÐ**

TRÉRENNSLI HEFUR VERIÐ OKKAR ÆR OG KÝR SÍÐAN 1996

HANDVERKSHÚSIÐ RAUÐAGERÐI 25
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 12-16
ALLTAF OPIÐ Á HANDVERKSHUSID.IS

MYNDIR ÚR STARFINU



Vinningshafí janúar áskorunar Þórir Kristmundsson FUGLAFÓÐRARI.



TRAVAÖSKJUR geymslubox fyrri tíma.



Sleifar Bjarna Þórs.

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við lðnaðinn

Lofpressur, trésmíðavélar, járnsmíðavélar, borvélar, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is



Innviðir

Hnota - Hlynur
Birki - Eik o.m.fl

Innviðir

Harðviður

Þú færð
efniviðinn
hjá okkur.

Láttu sjá þig
við tökum
vel á móti
þér.



Smíðjuvegur 36 rauð gata S.564-3636

30 ára afmælissýning 30 daga viðburður

Í tilefni af 30 ára afmæli félagsins mun
félagið taka yfir húsnæði Handverks og
hönnunar, Eiðistorgi 15, í 30 daga.

Stillum upp rennibekk og í fyrri hluta apríl
verður rýmið vinnustofa, þar sem félagar
mæta (1-2 í einu) og renna.

Það sem verður til á vinnustofunni verður
svo hluti af sýningunni.

Skipulag viðburðar:

24. - 31. mars: Uppsetning á vinnustofu
Vinnustofa standsett.
Vélum, verkfærum, brýnsluaðstöðu, hillum, hráefni
og öðru nauðsynlegu stillt upp.

1. - 15. apríl: Vinnustofa
Þátttakendum er ráðað á þessa daga, líklega
verður hver dagur tvískiptur (t.d. 10-14 og svo 14-18).
Athugið að félagar geta parað sig saman (max 2
saman) og reynsluminni félagar geta óskað eftir
að hafa reynslumeiri féлага (mentor) á staðnum.

16. - 19. apríl: Uppsetning á sýningu/tiltekt
Tiltekt á vinnustofu og sýningarrými sett upp á
sama stað.

22. - 30. apríl: Sýning
Sýning á afurðum vinnustofu.



Félag
trérennismiða
á Íslandi

Enn er hægt að skrá sig, bæði á vinnustofu og/eða
til að hjálpa til við uppsetningu/tiltekt.
Nánari upplýsingar varðandi skráningu er að finna
á heimasíðunni okkar: www.treennismidi.is

BYKO

**FÉLAGI Í
FRAM
KVÆMDUM**

%



Skráðu þig hér
Allar upplýsingar á byko.is

30% INNIMÁLNING
25% HARÐPARKET
25% FLÍSAM
25% LJÓS & RAFMAGN
25% BAÐINNRETTINGAR
25% INNIHURÐIR
10% HEIMILISVÖRUR
10% BYKO LEIGA
OG FJÖLDI ANNARRA VÖRUFLOKKA

VIÐ VILJUM AUÐVELDA ÞÉR LÍFIÐ
Í **FRAMKVÆMDUM!** VIÐ VITUM
HVAÐ ÞÚ ÞARFT TIL ÞESS AÐ **BREYTA,
BÆTA EÐA FEGRA HEIMILIÐ.**
VIÐ HÖFUM ÞVÍ SETT SAMAN
SÉRSTAKAN AFSLÁTT FYRIR ÞIG.

Þú sérð alla þína afsláttarflokka á mitt.byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN